

Reykjavík, 5. maí 2021
SFS2018090150
208. fundur
HG/sb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla

Lagt er til að gerð verði sú breyting á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla að ákvæði til bráðabirgða í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla þar sem fram kemur að ákvæði 9.1 reglnanna eigi ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020 og 2020 -2021 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, verði framlengt um eitt ár þannig að það nái jafnframt til skólaársins 2021 – 2022.

Greinargerð:

Breyting á ákvæði til bráðabirgða

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla kemur fram í ákvæði 9.1. að tónlistarskóli þurfi að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.

Í nógildandi ákvæði til bráðabirgða kemur fram að ákvæði 9.1 eigi ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020 og 2020 - 2021 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Lagt hefur verið til við skóla- og frístundaráð að samningar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna neðri stiga tónlistarnáms verði framlengdir með þeim hætti að þeir haldi gildistíma sínum til 31. júlí 2022. Þá hefur jafnframt verið lagt til að samningar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms sem renna út 31. ágúst 2021 haldi gildi sínu til 31. ágúst 2022.

Stýrihópur á vegum Reykjavíkurborgar um framtíðarskipan tónlistarnáms hefur kynnt stefnu sem nú er í umsagnarferli. Hluti þeirrar vinnu var skoðun á möguleikum á breyttu fyrirkomulagi hvað varðar dreifingu kennslumagns og nýtingu þess og það er í ljósi þess sem tillaga um framlengingu á gildandi samningum um eitt ár eða til 31. júlí 2022, vegna neðri stiga tónlistarnáms er lögð fram.